


## Heilög Lúsía



Hljóð er hin höfga nótt.  
Hægum í blænum  
dormar nú sérhver drótt.  
Dimmt er í bænum.

Birtir af kertum brátt,  
blíð mærin eyðir nátt:  
Heilög Lúsía,  
heilög Lúsía.

Veröld í vændum á  
vonglaðar stundir.  
Ljósdyrð frá himnum há  
hríslast um grundir.

Drottins því bjarma ber  
blessuð mæ'r öllum hér,  
heilög Lúsía,  
heilög Lúsía.

Líða um lönd og sæ  
ljúfsætir ómar.  
Streyma frá byggð og bæ  
blæfagrir hljómar.

Hennar lof heyrast skal  
himins um bjartan sal  
helgrar Lúsíu,  
helgrar Lúsíu.

Höfundur texta: Elsa E. Guðjónsson.

Heimild: <http://textar.midja.is/textar/prentv.asp?ID=2414&Tran=Ab>

Lag: Þjóðlag frá Sikiley



Lúsía var stúlka sem bjó á Sikiley, dóttir ríkra foreldra og talið er að hún hafi fæðst árið 283. Hún dó píslarvættisdauða árið 304 í ofsóknum keisara gegn kristnum mönnum.

Lúsía ákvað ung að helga líf sitt Guði og neitaði þess vegna bónorði ungs manns sem kærði hana fyrir að vera kristin, í hefndarskyni. Keisarinn dæmdi hana þá til lífstíðarvistar í hóruhúsi en hún bjargaðist þaðan með

undraverðum hætti. Þá var hún dæmd til dauða og átti að brenna hana á báli. En logarnir sveigðu fram hjá henni og henni var bjargað frá þeim. Þá var ákveðið að stinga hana til bana með sverði sem var stungið niður í háls á henni.

Sögur um heilaga Lúsíu eru þekktar frá 5. öld og Lúsíudagurinn er 13. desember en þá þótti vera ein lengsta nótt ársins. Lúsíuhátíðin er hins vegar hátíð ljóssins og er það tengt við nafn hennar en Lúsía er skylt latneska orðinu „lux“ sem merkir ljós.

Það eru sérstaklega Svíar sem halda dag Lúsíu hátíðlegan en siðurinn hefur einnig lifað að einhverju leyti í Noregi. Á síðustu áratugum hefur hátíðar Lúsíu verið minnst víðar á Norðurlöndum, t.d. hér á Íslandi.

Á Lúsíuhátíðinni er sunginn texti tileinkaður Lúsíu og talið er að lagið sé sikileyskt þjóðlag. Lúsía gengur fremst í flokki með ljósakrans á höfði en kransinn er tákn hreinleika Lúsíu, sem brúðar Krists. Rauði lindinn sem Lúsían ber um mitti sér er hins vegar tákn sverðsins sem var stungið í háls hennar. Með Lúsíu gengur hópur barna og hafa stelpurnar englahár um mitti sér en strákarirnir bera uppmjóan hatt.

Samkvæmt sænskum sið ber Lúsía heimilisfólkinu morgunverð. Það byggir á gömlum sögnum um að Lúsía hafi borið kristnu fólki sem hafðist við í katakombum vegna ofsókna, mat. Í Svíþjóð eru bakaðar sérstakar bollur eða Lúsíubrauð (Lusekatter) með saffrani sem er borðað þann 13. desember.



Heimild:

Karl Sigurbjörnsson. 2008. Trúin og lífið. Slóð: <http://tru.is/pistlar/2008/12/heilog-lusia/>

### **Lúsíubrauð (Lusekatter)**

125 gr smjör

5 dl mjólk

2 tsk (50 g) ger

½ tsk salt

1 dl sykur

1 g af saffrani

2 egg

16 dl hveiti

Rúsínur til að skreyta með

Egg til að pensla brauðið

Heimild:

<http://www.visir.is/lusiubraud-/article/2011990191098>